

ÍR sýndi fyrst skylmingar hér á landi

ÍR-ingar voru upphafsmenn margra íþróttagreina hér á landi og með þeim tignarlegri eru skylmingar. Fimleikakennari félagsins, Björn Jakobsson, kynntist íþróttinni erlendis og hóf kennslu í henni í ÍR-húsinu haustið 1930.

Skylmingarnar virðast þó fáir hafa iðkað af alvöru og opinber mót í greininni voru ekki haldin. Þær urðu þó einn vinsælasti liður skemmtidagskrár á nokkrum skemmtifundum í ÍR-húsinu þá um haustið og veturinn 1930–31. Tilgangurinn með þessum fundum var að efla meira félagslyndi en verið hafði innan félagsins. Var efnt til þeirra mánaðarlega, bæði fyrir fullorðna og börn, og voru þeir vel sóttir.

Flestir gáfu mest fyrir dansinn, sem sýndur var á fundum þessum, en næstvinsælasti skemmtiliðurinn var skylmingar. Venjulega kom það í hlut Björns að sýna þær og átti hann þá oft-

ast við einn nemanda sinn, Þorstein Þorsteinsson að nafni.

Í tilefni af 24 ára afmæli félagsins var efnt til íþróttasýninga í Iðnó, 24. og 25. mars 1931. Þar sýndu Björn Jakobsson og Þorsteinn Þorsteinsson einnig skylmingar. Og þar sem fundirnir í ÍR-húsinu um veturinn voru fyrst og fremst innanfélagssamkomur voru íþróttasýningarnar í Iðnó fyrstu opinberu samkomurnar þar sem almenningi gafst kostur á að kynnst þessari fornu bardagalist.


Þegar félagið auglýsti Iðnó-samkomurnar, t.d. í Morgunblaðinu 24. mars, voru þær skreyttar með skylmingamynd. Í frétt blaðsins um mótið samdægurs segir:

Þá verða sýndar skylmingar milli kennara félagsins, Björns Jakobssonar, og Þorsteins Þorsteinssonar stud.art. Skylmingar hafa eigi verið sýndar

áður, en eru að allra dómi einhver sú göfugasta íþrótt, sem til er. Eru þær ein af þeim íþróttum sem þjálfar allan líkamann í senn, og krefjast skjótrar hugsunar og snarræðis. Er því ástæða fyrir bæjarbúa að sækja þessa skemmtun, þó ekkert væri sýnt nema skylmingar.

Ekki virðist hafa orðið áframhald á skylmingum innan félagsins enda hætti Björn hjá ÍR eftir langt og farsælt starf, hvarf að Laugarvatni þar sem hann starfrækti íþróttaskóla. Húsið var hins vegar áfram vettvangur skylminga því veturinn 1931–32 voru leigðir út tímar í Bláa salnum til manna er íþróttina iðkuðu.

Líður nú fram á tíunda áratuginn og aftur verður ÍR-húsið við Túngötu vettvangur skylminga. Árla á áratugnum var húsið leigt undir æfingar Skylmingafélags Reykjavíkur. Leið ekki á löngu þar til liðsmenn félagsins sem þar æfðu létu til sín taka. Ekki bara hér á landi heldur unnu þeir Norðurlandatitla og til verðlauna á alþjóðlegum stórmótum og meistaramótum á næstu árum. Og komust jafnvel í tæri við verðlaunapall á heimsmeistaramótum skylmingamanna. Slíkrar aðsóknar naut félagið að þrískipta varð þeim kvöldum sem það hafði ÍR-húsið til afnota. Var sverðum sveiflað oft af fjöri í kirkjunni gömlu. ÍR-húsið ól af sér margan meistaran í þau 70 ára sem það var í notkun. Í ljósi árangurs skylmingamanna er ekki ofsögum sagt að það hafi húsið gert frá fyrsta degi til þess síðasta.



I. R. I. S. I.
Fjölbreyttar íþróttasýningar
heldur
Íþróttafélag Reykjavíkur
í kvöld og annað kvöld.
8 flokkar sýna.
Fimleikar. Skilmingar.
Gímur. Kylfusveiflur.
Aðgöngumiðar hjá Ey-
mundsson og við inn-
ganginn.

Aðgöngumiðar:
Fullorðnir kr. 2.00
Börn kr. 1.00

Auglýsing um fyrstu opinberu sýninguna og fyrstu opinberu viðureignina í skylmingum.

Í umfjöllun sinni um sýningarnar sagði blaðið síðan að síðast en ekki síst sýndu Björn Jakobsson og Þorsteinn Þorsteinsson, einn af nemendum hans, skylmingar og er það í fyrsta sinn sem við höfum átt kost á að sjá þær hér.